

UMSÖGN

Viðtakandi: Borgarráð

Sendandi: Þröstur Sigurðsson, skrifstofustjóri Stafrænnar Reykjavíkur

Efni: Umsögn um samning Reykjavíkurborgar og Markaðsstofu höfuðborgarsvæðisins um Reykjavík City Card

Vísað er til bréfs, dagsett 30. apríl 2024, þar sem óskað er eftir umsögn frá þjónustu- og nýsköpunarsviði um samning Reykjavíkurborgar og Markaðsstofu höfuðborgarsvæðisins um Reykjavík City Card.

Þjónustu- og nýsköpunarsvið styður gerð samnings milli Reykjavíkurborgar og Markaðsstofu höfuðborgarsvæðisins um þróun og framkvæmd Reykjavík City Card. Þjónustu- og nýsköpunarsvið hvetur aðila til að huga vel að þróun og framleiðslu á stafrænni lausn með aðgengi að gögnum í huga og samþættingarmöguleikum við aðrar lausnir til að auka á vaxtarmöguleika.

Reykjavík City Card er pappírskortalausn sem rekin hefur verið undir merkjum Visit Reykjavík sem áður var hýst og rekið af Reykjavíkurborg. Tilgangur Reykjavík City Card er að vekja athygli og laða ferðafólk að þeim söfnum, sundlaugum og áhugaverðum stöðum innan höfuðborgarsvæðisins og einfalda gjaldskrá fyrir ferðafólk. Auk þess veitir kortið afslætti hjá fyrirtækjum og samstarfsaðilum.

Þjónustu- og nýsköpunarsvið bendir á að sundlaugar og söfn höfuðborgarsvæðisins nýta sér mismunandi hliðlausnir. Því er mikilvægt að huga vel að möguleikum á samþættingu kortalausnarinnar við núverandi kerfi og hugbúnað. Þessi samþætting þarf að vera skilgreind sem sérstakur verkþáttur í verkefninu í ljósi umfangs og flækjustigs tengdum slíkum samþættingum. Jafnframt leggur þjónustu- og nýsköpunarsvið áherslu á mikilvægi þess að tryggja gott gagnaadgengi í þeirri stafrænni lausn sem þróuð verður, svo hægt sé að nálgast upplýsingar um nýtingu lausnarinnar fyrir hverja starfseiningu og vinna með gögnin í gegnum opnar gagnagáttir.

Hafin er frumathugun fyrir MÍR kortið og miðar það verkefni að því að þróa útfærslur á stafrænni veskislausn og innleiða örugga og þægilega greiðslumöguleika sem tengjast núverandi greiðslu- og bókhaldskerfi menningar- og íþróttasviðs. Hægt væri að byggja á því verkefni við frekari þróun Reykjavík City Card, en það þarf að skilgreina sem afmarkað verkefni.

F.h. Þjónustu og nýsköpunarsviðs,



Þröstur Sigurðsson,
skrifstofustjóri Stafrænnar Reykjavíkur